

HANNI BACHMANN ÞRÍTUGUR
FÉKK KAMPAVÍN
FRÁ EINARI BÁRÐAR



SIRRÝ GEFUR GÓÐ RÁÐ
SLÁÐU Í GEGN
Í VEISLUNNI



hér & nú

Fimmtudagur 16. febrúar 2006 – 7. töl. – 2. árgangur – Verð: 395 krónur


395kr.
blöð í
þrjú einu

BOLLI Í 17 OG
KÆRASTAN Á LEIÐ
Í RÓMANTÍSKT FRÍ



LÆRA
SPÆNSKU!

DANSA TANGÓ
Í ARGENTÍNU



GARÐAR THÓR
REYNIR VIÐ
ADALHLUTVERKIÐ Í
FENEYJAÓPERUNNI

EINN Á VALENTÍNUSARDAGINN
O Solo Mio!
Á ÍTALÍU

BJÖRK VILHELMS
FAGNAÐI PRÓFKJÖRINU



SKEMMTI
SÉR Á EGÓ



SJÁIÐ
MYNDIRNAR!

STRÁKARNIR OKKAR
Á BERLÍNARHÁTÍÐINI
LENTU Í PRUSU
EFTIRPARTÍ



MIKAEL
TORFASON

ÞRIÐJA BARNIÐ
Á LEIÐINI

ISSN 1670-598X





MUSIK & MYNDIR



OPNUNARTÍMAR:

VIRKA DAGA: FRÁ 10:00 - 18:00

HELGAR: FRÁ 12:00 - 18:00

HÁLFVIRÐI



ALLAR VÖRUR Í BÚÐINNI VERÐA Á HÁLFVIRÐI Í 10 DAGA
Útsalan hefst fimmtudaginn 16. febrúar.



MUSIK & MYNDIR
HAMRABORG 1
KÓPAVOGI
SÍMI: 555 - 7601

Latabæjar vítamín

meiri
krakkakraftur



**LATTI
BÆR**

hér & nú

3 blöð
í einu



6

STJÖRNUFRÉTTIR

6 Bolli Kristinsson og Inga María Valdimarsdóttir í rómantískt frí.

7 Björk Vilhelmsdóttir fagnaði góðri kosningu á NASA. Hildur Vala og Jón Ólafsson eins og ástfangnir unglingar.

9 Mikael Torfason rifjar upp gamla takta við lyklaborðið og eignast barn.

10-11 Garðar Thor, kynþokkafyllsti karlmaður Íslands, í prufusöng á Ítalíu.

12-13 Hanni Bachmann úr Skítamóral hélt þrútsagsafmælið sitt á Rex.

14-15 Eldheitt úr Hollywood: Enn meira drama hjá Jessicu Simpson, besta vinkonan í ástarsambandi við Nick.

16 Erlendir molar og fréttir af fræga fólkinu.

18-19 Ásgeir Kolbeinsson situr ekki auðum höndum.

20-21 Innlendir molar og pistill ritstjóra.

22-23 Myndasíðan. Stelpurnar í Oasis í Kringlunni í Silvíu Nótt partíi.



9



12-13

LÍFSSTÍLL

25 Íþróttaslúður. Albert Mónakófursti ástfanginn. Victoria og David Beckham eyddu milljón í græjur

26-27 Idol-opnan. Tinna Björk var þriðji keppandinn til þess að detta út. Ég vona að dómarnir séu sáttir núna

28-29 Eitt þúsund konur mættu á Konukvöld Létt 96,7. Óðar í Garðar Thor.

30-31 Strákarnir okkar á kvikmyndahátíðinni í Berlín. Risastór plötusnúður í eftirpartíinu

32-33 Fjöldi gesta mætti á afmælistónleika Mannakorna.

34-35 Gramm- tíska. Beyoncé og Gwen Stefani langflottastar á Grammy-verðlaununum.

36-37 Bubbi Morthens vandlátur á klæðnað sinn. Elskar bláa bolinn og hvítu skyrtuna.

38 Tískuhornið. Flottir fylgihlutir í vetur, silfrað og seiðandi.

40-41 Íslendingar skemmtu sér vel á þorrablóti í Kaupmannahöfn.



26-27

ALVÖRU FÓLK

42-43 Spurningakeppni fræga fólksins. Herman Gunnarsson vinnur Gísla Marteini.

44-45 Hermann Gunnarsson er gáfaðasti frægi maður þjóðarinnar og var að fá sér nýjan Lexus.

46-48 Ástarsagan. Leikkonan Guðrún Ásmundsdóttir skrifar ástarsögu sína og Birgjis Matthíassonar.

50-51 Hárgreiðslufeðgarnir Eiríkur og Jóhann Þór á Greifanum. Hirðhárgreiðslumenn KR-inga.

52 Tíu hlutir sem þú vissir ekki um Friðrik Dór Jónsson úr söngleik Verzlunarskólans.

53 Þórunn Egilsdóttir, söngkona og sjónvarpsstjarna, gerir það gott. Á vinsælasta lagið í Lúxemborg.

54-56 Sirrý segir: Hvernig er best fyrir fólk að tala saman?

58-59 Lesið í lófann á Guðriði Arnardóttur veðurfræðingi. Gleymir aldrei þurfandi nágranna eða vin.

60-61 Frank Höybye kynnti sér ferð hugrakkra Kanadafara. Fullbúin tryllitæki á 46" tommum.

63 Skopmynd vikunnar. Beta rokk og Geir Ólafs takast á í þessari mögnuðu skopmynd.

64 Taktu prófið. Hver er Hollywood-kærastinn þinn.

66 Hér & nú stúlkan. Hér & nú stúlkan að þessu sinni er hún Vala sem er 19 ára Keflvíkingur.

68 Krossgáta vikunnar.



60-61



36-37



44-45



46-48



50-51

BOLLI Í BLÓÐ-

HEITUM TANGÓ

Bolli Kristinsson og Inga María Valdímarsdóttir á leið í rómantískt frj



STJÖRNUFRÉTTIR

Argentína Fulkominn staður og Mekka góðs nautakjöts, vins og tangós.

Argentínskur tangó Sá rómantískasti af þeim öllum.

Bolli Kristinsson

Á leið til Argentínu í frj ásamt kærustunni.

Inga María Valdímarsdóttir

Frábær leikkona og kærasta Bolli í 17. Hún er á leið til Argentínu ásamt sínum heittelskaða að dansa tangó og njóta lífsins.

Bolli Kristinsson í 17 ætlar að taka sér frj frá amstri dagsins og skella sér til Argentínu ásamt kærustu sinni, Ingu Maríu Valdímarsdóttur.

Inga María leikkona er eflaust þekktust fyrir leik sinn í hinni vinsælu þáttaröð Stelpurnar, en Inga á einnig farsælan leiklistarferil að baki. Bolli var kvæntur Svövu Johansen til margra ára og saman ráku þau tiskuveldið NTC. Þau hafa nú bæði fundið ástina á ný, Bolli í Ingu Maríu og Svava í Birni Sveinbjörnssyni. Tvöföld ást og allt í góðu.

Mekka tangósins

Inga og Bolli hafa verið á

tangónámskeiði hérna heima og ætla sér nú til Buenos Aires, höfuðborgar Argentínu, sem er alls ekki amalegur staður til að dvelja á. Þar ætla þau að dansa tangó, enda ekkert rómantískara en argentínskur tangó.

Í Buenos Aires ætlar Bolli sér að veiða, enda þekktur veiðimaður, en í Argentínu er að finna margar góðar veiðiar. Einnig ætlar parið að demba sér í spænskunám.

Væntanlega fullkomin ferð á fullkomnum stað því líklega er hvergi betra að dvelja en í höfuðstað góðs nautakjöts, vins, tónlistar og að sjálfsögðu tangós.

Hildur Vala og Jón Ólafsson

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Kossasjúk!

Turtildúfur Hildur Vala og Jón skelltu sér á Walk the Line og fengu ekki nóg hvort af öðru.

EINS OG ÁSTFANGNIR UNGLINGAR

Jón Ólafsson tónlistarmaður og Idol-stjarnan Hildur Vala skelltu sér á ástarsmyndina Walk the Line fyrr í vikunni. Gestir bíóhússins tóku eftir því að Hildur og Jón kysstu hvort annað meira en þau horfðu

á myndina, og má segja að þau hafi hagað sér eins og unglingar sem fá ekki nóg hvor af öðrum.

Hildur og Jón kynntust í Idolinu í fyrra og hafa verið meira og minna óaðskiljanleg síð-

an. Það er vonandi að ást þeirra endist eins lengi og ástarsamband Johnny Cash og June Carter Cash, en þau voru gift í 35 ár. Ef marka má kossafleinsið í bíóhúsinu er það ekki ólíklegt.

Fagnaði góðri kosningu á NASA VILLT OG TRYLLT Á EGÓ

Björk Vilhelmsdóttir, fyrrverandi liðsmaður Vinstri-grænna, náði góðri kosningu í prófkjöri Samfylkingarinnar um helgina. Nældi stelpan sér í fjórða sætið og skákaði mörgum samfylkingarmanninum þar. Prófkjórið fór fram á laugardaginn og um leið og úrslitin voru ljós skellti Björk sér á NASA. En það var ekki að ástæðulausu að Björk skellti sér á gleðihúsið við Austurvöll því hljómsveitin Egó hélt miðnætur-tónleika með Bubba Morthens í broddi fylkingar. Virtist Björk skemmta sér ljómandi og sýndi lipra takta á dansgólfinu, eins og sést á myndunum.

Texti Hanna Eiríks H&N-mynd Daniel Rúnarsson

Í góðum gir Björk dansaði og söng með hljómsveitinni Egó á NASA á laugardaginn.

Mikil stemning Það var mikil stemning á NASA á laugardaginn og skellti Björk sér á tónleikana eflaust til að fagna góðu gengi í prófkjöri Samfylkingarinnar.





Vösk og vakandi



„Keppnisgolf er mjög krefjandi, þess vegna nota ég Rautt Eðal Ginseng. Þannig kemst ég í andlegt jafnvægi, skerpi athyglina og eyk úthaldið.“

*Ragnhildur Sigurðardóttir
Margfaldur Íslandsmeistari
og stígameistari í golfi*

**RAUTT EÐAL
GINSENG**

-þegar reynir á athygli og þol



Mikael Torfason rifjar upp gamla takta við lyklaborðið og eignast barn

Á VON Á SÍNU ÞRIÐJA BARNI

STJÖRNU-
FRÉTTIR

„Það fyrsta sem ég gerði þegar ég hætti var að hringja í danska útgefandann minn og spjalla við hann.“

Við eigum von á barninu í ágúst,” segir Mikael Torfason, fyrrverandi ritstjóri DV, sem sjálfur er fæddur 8. ágúst og er því í ljónsmerkinu. Fyrir eiga þau Mikael og eiginkona hans, María Una Óladóttir, tvö börn, Gabriel og Kristínu.

Mikael sagði af sér sem ritstjóri DV fyrir um mánuði síðan og hefur aðallega verið að lyfta lóðum á milli þess sem hann rifjar upp gamla takta við lyklaborðið. „Það fyrsta sem ég gerði þegar ég hætti var að hringja í danska útgefandann minn og spjalla við hann,” segir Mikael. Eins og flestir vita hefur hann gefið út fjórar skáldsögur á íslensku. „Ég hef líka verið gefinn út í fleiri löndum og hef verið að heilsa upp á útgefendur mína erlendis.“

Bækur Mikæls hafa verið vinsælar hér á landi og fyrsta bók hans Falskur fugl kom út árið 1997 og hefur mikið verið lesin í framhaldsskólum. Einnig hefur hann gefið út skáldsögurnar Heimsins heimskasti pabbi, Saga af stúlku og Samúel.

Nokkrar af bókum Mikæls hafa meðal annars verið gefnar út í Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi og Litháen.

„Ég hef bara verið að dunda mér við skriftir heima, er ekkert að stressa mig á þessu,” segir Mikael sem er með samning við JPV-bókaforlagið.

Margir hafa beðið spenntir eftir nýrri skáldsögu frá Mikael Torfasyni sem þykir einn af áhugaverðustu rithöfundum þjóðarinnar.

Á krossgötum Mikael Torfason á von á sínu þriðja barni í ágúst og ætlar að einbeita sér að bókaskrifum á næstunni.

Garðar Thor Cortes

Var einn á Valentínusar-
daginn í Feneijum.



Óperuborg Stuðmenn spil-
uðu í Feneijum í haust. Hér
eru Hildur Vala og Egill Ólafs-
son í grímubúningum.

O Sole Mio!

*„Þú getur spurt hvaða
óperusöngvara sem er
og þeir svara allir að
þetta sé það leiðinleg-
asta sem þeir gera.
Það kemur samt alltaf
ákveðinn punktur þar
sem maður verður að
þóknast umboðsmann-
inum sínum og fara.“*

Garðar Thor, kynþokkafyllsti karlmaður Íslands, í prufusöng á Ítalíu

EINN Á VALENTÍNUSAR- DAGINN Í FENEYJUM

Ég er einn á Valentínusardaginn hérna í Feneyjum, það eru ekkert nema pör úti um allt en þetta er voðalega fallegt," segir nýkrýndur kynþokkafyllsti karlmaður Íslands, Garðar Thor Cortes, beint frá Ítalíu. „Ég er nú bara í ósköp venjulegum prufusöng eins og flestir óperusöngvarar þurfa að gera," segir Garðar sem var að reyna við aðalhlutverk í hinni merku óperu þar í borg.

„Það var umboðsmaðurinn minn í London sem sendi mig hingað. Þú getur spurt hvaða óperusöngvara sem er og þeir svara allir að þetta sé það leiðinlegasta sem þeir gera. Það kemur samt alltaf ákveðinn punktur þar sem maður verður að þóknast umboðsmanninum sínum og fara," segir Garðar sem gekk ágætlega í prufunum. „Ég var alla-

vega ekkert falskur held ég."

Garðar veit ekki hvort fleiri bitist um aðalhlutverkið sem hann vonast til að fá. „Annars bý ég bara heima á Íslandi og er að syngja í Óskubusku. Það voru sýningar á því um síðustu helgi, svo fer ég til London á fundi og svo aftur í Óskubusku á sunnudaginn," segir Garðar sem greinilega hefur nóg að gera.

En er hann að slá í gegn? „Nei, nei. Ég held ekki."

En fólk finnst þú allavega kynþokkafullur? „Það verða aðrir að dæma um það," segir Garðar hógvær og einlægur eins og venjulega.

Það er því greinilegt að Garðar Thor er ekki bara að sigra hjörtu íslenskra kvenna, heldur sækir hann nú stíft, hratt og örugglega að kvenmannshjörtum á meginlandi Evrópu.



STJÖRNUFRÉTTIR

Feneysjar „Ég er einn á Valentínusardaginn hérna í Feneyjum, það eru ekkert nema pör úti um allt en þetta er voðalega fallegt."



Umboðsmaðurinn Einar Bárðarson er umboðsmaður Garðars á Íslandi. Hann er með annan í London.



Bestur Garðar var í prufusöng fyrir aðalhlutverk í Óperunni í Feneyjum.

STJÖRNU-
FRÉTTIR



Gjöfin Breki Logason og Jón Mýrdal, blaðamenn á Hér & nú, afhenda Hanna gjöfina.

Klökkur!

Sáttur Hanni með Hér & nú forsíðuna sem hann fékk. Greinilega mjög sáttur.

Hanni Bachmann úr Skítamóral hélt upp á þrítugsafmælið sitt á Rex

FLOTTUR Á FERTUG



Kóngurinn Einar Bárðarson, faðir Skítamóral, gaf Hanna risastóra kampavinsflösku.



Sætar Elísabet Thorlacius og Katrín vinkona hennar voru stórglæsilegar í afmælinu.



Trúlofuð Brynjar Már og Kristín Ýr eru ástfangin og ætla að gifta sig í haust.

Góðir Addi Fannar og Gummi á Mojo voru hressir í afmælinu.



SALDRI

Konurnar í lífi Hanna Hrafnhildur mamma hans, Lea kærastan og Hera systir hans.



Hress Vilhjálmur, pabbi Unnar Birnu, var mættur í afmælið. Hér er hann með fallegustu þulu landsins, Elly Ármanns.



Stórfótur Kiddi Bigfoot og Próstur Þrjúþúsund brostu fyrir ljósmyndara.



Mamma og Pabbi Hrafnhildur, mamma Hanna, og Óli Bach, pabbi hans, með vini fjölskyldunnar, Hilla Páls, bílasala á Selfossi.



Þetta var alveg magnað, maður er bara næstum klökkur," segir trommarinn úr Skítamóral, Hanni Bachmann, sem hélt upp á þrítugsafmælið sitt á Rex um síðustu helgi. „Ég bauð hátt í þrjú hundruð manns og það var ótrúleg mæting, eiginlega miklu meira en ég þorði að vona," segir Hanni greinilega mjög ánægður með kvöldið. Strákarnir í Skítamóral gáfu honum sýmbala á trommusettið sem hann er mjög sáttur með. „Svo fékk ég rosastóra bongótrommu og fullt af góðu víni," segir Hanni sem brunaði beint á Akureyri daginn eftir afmælið. „Það var sjö hundruð manna ball í Sjallanum sem við vorum mjög sáttir með."

Texti Breki Logason H&N-mynd Daníel

Enn meira drama hjá Jessicu Simpson

Jessica Simpson og CaCee Cobb CaCee er aðstoðarkona Jessicu og besta vinkona hennar.

STJÖRNUFRÉTTIR

Svik!

BESTA VINKONAN

Ferill Jessicu Simpson hefur aldrei verið betri. Allir karlmenn í Hollywood vilja krækja sér í hana og henni hefur sjaldan gengið jafn vel í lífinu – fyrir utan einkalíf sitt.

Það muna allir eftir CaCee Cobb, bestu vinkonu Jessicu og aðstoðarkonu hennar. Í raun var CaCee aðeins of mikið heima hjá Jessicu og Nick þegar þau voru gift. Á þeim tíma sem þættirnir stóðu yfir virtist sem Nick væri oft

mjög pirraður á CaCee. Sumir segja að þessi pirringur hafi ekki verið neitt annað en skot í CaCee. Það var nú einu sinni CaCee sem stóð upp fyrir hann og talaði Jessicu til þegar hún var í prinsessuskapinu.

Innileg í partí

Sagan segir að CaCee hafi staðið við hlið Jessicu eftir skilnaðinn en hafi þó verið rosalega pirruð út í hana vegna þess hvernig hún

kom fram við Nick. Það var jú Jessica sem hélt framhjá. En Jessica vill ekki missa vinkonu sína og keypti handa henni glænýjan BMW og antik Rolex-úr. Mun CaCee láta kaupa sig? Það fer eftir ýmsu. Það er greinilegt að samband Nick og CaCee er mjög sérstakt og ef dæma má myndirnar er alls enginn pirringur á milli þeirra nema þá kannski kynferðislegur.

Jessica hefur þó ekkert gert í þessum málum hingað til en

nýjustu fréttir herma að CaCee og Nick hafi hist í partí í Las Vegas í lok janúar og hafi verið mjög innileg saman. Nick var að kyssa hana út um allt og hún með hendurnar um hann. Sjónarvottar voru í sjokki. „Við trúðum þessu ekki og biðum eftir að þau rifu fötin af hvort öðru.“

Hvað skildi Jessica gera nú? Eða hefur hún efni á að gera eitt-hvað? Dramasaga Jessicu Simpson heldur áfram. Það er víst.



Hvís! Hvað skyldu þau vera að tala um?



Hvíslandi CaCee Cobb að hvísla að Nick Lachey.

**SJÁIÐ
MYNDIRNAR!**



Leikur í lauginni Nick og CaCee að leika sér í lauginni.



Buslandi Það er gaman hjá þeim í lauginni.



Allt í rugli Það er ekki bjart yfir Jessicu og Nick.

OG NICK DADRA

Kate Moss
Nýkomin úr
meðferð og
strax byrjuð að
hjálpa öðrum.

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

Colin Farrell Er
í meðferð og hitti
Kate Moss í
tveggja daga fríi
úr meðferðinni.

KATE STYÐUR COLIN

Fyrirsætan Kate Moss hefur verið að hjálpa hjartaknúsanum Colin Farrell sem er í meðferð en var í tveggja daga fríi í Miami á Flórída. Hann rakst þar á Kate Moss sem einnig er nýkomin úr meðferð. „Pau byrjuðu að tala saman. Hún spurði hann hvernig hann hefði það og hann svaraði að hann væri að ná sér,“ segir heimildarmaður.

Það er gott að eiga góðan að. Þau myndu einnig taka sig vel út saman. Bæði edrú, bæði eiga þau börn og bæði eru þau gullfalleg. Það verður gaman að sjá hvað gerist í framtíðinni.

Eru þau að deita? Orðrómurinn segir að Jake Gyllenhaal og Sophia Bush séu að deita.

Tveir sætir Austin Nichols og Jake Gyllenhaal saman á körfuboltaleik.

Tveir í takinu Sophia Bush í sömu fötum og á fyrri myndinni en hér með vini Jake Gyllenhaal, Austin Nichols.

**Sophia Bush
getur ekki
ákveðið sig**

MEÐ TVÖ Í TAKINU

Ókei, það er eitthvað furðulegt í gangi. Fyrir nokkrum vikum náðust myndir af af leikaranum Jake Gyllenhaal og One Tree Hill-stúlkunni Sophiu Bush saman á spjallinu og byrjaði þá sú saga að þau væri að deita.

Sophia Bush var gift leikarmanum Chad Michael Murray, meðleikara hennar í þættinum One Tree Hill.

Sophia og Jake. Já, það gæti

bara verið mjög sætt par. En bíðið bara. Fyrir nokkrum dögum náðust myndir af henni á ströndinni ásamt leikaranum Austin Nichols. Það skýrnasta er að hún er í sömu fötum og þegar hún spjallaði við Jake. Og það skýrnasta er að Jake og Austin eru vinir. Hvað er í gangi hjá þér stúlka? Þú ert með tvo myndarlega karlmenn. Þú verður að velja. Þú mátt alls ekki sitja á þeim báðum.



Michael Jackson vs. Lindsay Lohan Við vitum öll að þau eru ekki lík en á þessari mynd er svolítið mikill svipur.

LINDSAY JACKSON

Litla, mjóa Lindsay Lohan er alltaf að breyta um stíl. Stundum er hún ljóshærð, rauðhærð og nú svarthærð. Okkur finnst hún mjög sæt og allt það en það er ekki hægt að komast hjá því að stúlkan er farin að líkjast Micheal Jackson. Ókei, kannski ekki dags daglega en allavega á þessari mynd.



Pizza Hallum

Alltaf Góðar

1190 kr.-
tilboð sótt

HOT WINGS
með chili jalapenos sósu eða græðostasösu
10 bitar í skammtinum á 550 kr.

2l gos á
99 kr.
með öllum
pizzum

16" pizza
með allt að 4 álegg

Valbraut 5 68 68 68 Mjódd



Bonomi kaffihús

OG GLÆSILEG VERSLUN

Bonomi kaffihúsin eru staðsett um víða veröld og eru þekkt fyrir að vera alvöru kaffihús sem bjóða aðeins upp á gæðakaffi fyrir þá kröfuhörðustu.

KAFFIBÚÐIN umboðsaðili Bonomi og Quick Mill kaffivéla hefur nú opnað glæsilega verslun og kaffihús í Hamraborg 1-3, Kópavogi. Við bjóðum að sjálfsögðu upp á eðal kaffi frá Bonomi sem gefur unaðslegan eftirkeim, einnig baunir sem hægt er að fá malaðar á staðnum.



PROFESSIONAL

Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

Alvöru espresso með þykkri kaffifroðu eða mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega eins og á bestu kaffihúsunum.



Glæsileg ítölsk gjafavara; kaffibollar, tebollar, morgunverðarsett og ótal margt annað fallegt.




PROFESSIONAL



K A F F I B Ú Ð I N

HAMRABORG 1-3 · 200 KÓPAVOGI · S: 554 6054



Fasteignasalinn Ásgeir Kolbeinsson er byrjaður að vinna á Remax-fasteignasölu.

**Ásgeir Kolbeinsson
situr ekki auðum
höndum eftir að
hann hætti á FM 957**

ORÐINN FASTEIGNASALI OG Á FULLU Í RÆKTINNI

Ég er kominn á fullt í kaupum og sölu á fasteignum, en ég ásamt nokkrum sterkum aðilum á þeim markaði hef stofnað fyrirtæki um kaup og sölu fasteigna, og þar sem ég er á annað borð kominn í fasteignaviðskipti ákvað ég að hefja einnig störf hjá Remax Borg sem er glæný og stórglæsileg Remax-fasteignasala á Tryggvagötu í

Reykjavík," segir Ásgeir Kolbeinsson sem sagði upp stöfum á FM 957 í desember.

Ásgeir hefur verið með þáttinn Sirkus Rvk. í vetur á samnefndri sjónvarpsstöð sem hefur fengið finar viðtökur. „Ég er nýlega búinn að ganga frá nýjum samningi við þá um áframhald á þætti mínum. Greinilegt er að fólki líkar það sem er í þættinum og mun ég

Flottur Ásgeir
situr ekki auð-
um höndum
þessa dagana.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

*„Auk þess er ég með eigin
atvinnurekstur þar sem ég
þjónusta nokkur fyrirtæki í
markaðsmálum og almanna-
tengslum hér í Reykjavík.“*

því halda áfram að sinna þeim stóra mark-
hóp sem horfir á mig í hverri viku.“

Ásgeir hefur alltaf notið sín best þegar
hann hefur nóg fyrir stafni og hefur verið
áberandi í skemmtanalífi borgarinnar síðustu
árin. Sést hefur til stráksins í Laugum upp á
síðkastið þar sem hann og Logi Bergmann
Eiðsson vinur hans hafa verið að koma sér í

form. Eru þeir búnir að fá sér einkaþjálfara
og eru greinilega í þessu af alvöru.

„Auk þess er ég með eigin atvinnu-
rekstur þar sem ég þjónusta nokkur fyrir-
tæki í markaðsmálum og almannatengsl-
um hér í Reykjavík,“ segir Ásgeir sem er
ekki sá eini sem hefur kvatt skútuna. Valdi-
mar Þór Svavarsson, sölustjóri FM 957 og

X-ins, er hættur auk þess sem Hálf dán
Steinþórsson og Hannes Steindórsson
markaðsstjóri Sirkuss eru farnir.

Það er því mikið um breytingar hjá
Sirkusfjölskyldunni sem er að fara á fullt með
nýja þætti á næstunni. En Ásgeir Kolbeins
heldur sínu striki og ef hann er samur við sig
á hann eftir að selja helling af fasteignum.



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson ábm.

Ritstjórn Breki Logason, breki@hognu.is, Hanna Eiríksdóttir, hanna@hognu.is, Jón Myrdal, myrdal@hognu.is **HÉR & NÚ** Skafahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. **Netfang** Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. **Setning og umbrot** 365 – prentmiðlar. **Prentvinnsla** Isafoldarprentsmiðja. **Dreifing** Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. HÉR & NÚ áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Frambjóðendur eru tækifærissinnar og pólitík er leikur fallega fólksins

Pá er enn eitt prófkjörið búið. Nú var það R-listinn sem heitir víst Samfylkingin í dag sem raðaði niður í sæti. Ég hafði gaman af þessu prófkjöri. Frambjóðendur voru samir við sig og kepptust við að líta sem best út. Pólitíkin er nefnilega leikur fallega fólksins. Sama fólk og vælir yfir ágangi fjölmiðla grátbiður um að komast í eldhúsdálk DV þegar prófkjörin skella á. Svo sem ekkert að því. En menn mega ekki vera tækifærissinnar. Pólitíkusarnir eiga alltaf að vera brosandir, vel greiddir, fallegir og tanaðir eins og einn vinur minn orðaði það. Í síðustu viku var minnsta mál í heimi að fá frambjóðendur í blaðið, en strax eftir helgi var annað uppi á teningnum. Sumir voru ófánlegir að taka þátt í spurningakeppni þar sem var meira að segja skorað á þá.

Í prófkjörum er ýmsum vopnum beitt. Og það má alveg sjá samasemmerki á milli árangurs og aðferða. Andrés Jónsson og Oddný Sturludóttir sóttust bæði eftir fjórða sæti listans. Strax á föstudaginn byrjaði ég að fá SMS frá stuðningsmönnum Andrésar. Svo sem ekkert að því. En á sama tíma sá ég Hallgrím Helgason vera að dreifa flyerum í Krínglunni og Oddnýju standa með Ilmi vinkonu sinni á Laugaveginum. Andrés lenti í þrettánda sæti en Oddný nældi sér í það fimmta.

En það eru borgarstjórnarkosningar á næstunni. Valið stendur í raun á milli tveggja manna að mínu mati. Pólitíkin snýst nefnilega um persónur. Vilhjálmur P Vilhjálmsson og Dagur B. Eggertsson. Og þó svo að Dagur hafi ekki viljað taka þátt í spurningakeppninni list mér eiginlega betur á hann. Vilhjálmur hefur aldrei verið teflt fram í fyrsta sætið og sjálfstæðismenn höfnuðu sjálfum Gísla Marteini af óskiljanlegum ástæðum á dögnum. Þess vegna list mér betur á Dag því pólitíkin er nefnilega eftir allt saman, leikur fallega fólksins.

Breki Logason



Flott kona Arna þykir ótrúlega falleg og mun taka sig vel út sem borgarstjórafrú ef Dagur vinnur borgina.



Hamingjusöm Arna ánægð með úrslitin.



Hann vann! Arna hringir í vini og vandamenn.

SEXÍ BORGARSTJÓRAFRÚ

H&N-mynd Stefán

Arna Dögg Einarsson, eiginkona Dags B. Eggertssonar, var að vonum ánægð með úrslit prófkjörs Samfylkingarinnar. Hér sést hún í símanum stuttu eftir að úrslitin voru

gerð ljós. Það fer ekki framhjá neinum að konan er gullfalleg og einstaklega kynþokkafull. Það verður gaman að sjá hana við hlið Dags í vor, kannski sem næsta borgarstjórafrú.

Leiðrétting Ragnhildur Magnúsdóttir

ENGIN REKIN Á KISS FM

Í síðustu viku kom fram í HÉR & NÚ að Ragnhildur Magnúsdóttir dagskrárgerðarmaður og Gunna Dís á KISS Fm hefðu verið látnar yfirgefa útvarpsstöðina vegna stefnubreytinga hjá Íslenska útvarpsfélaginu. Hið rétta er að Ragga eins og hún er kölluð hætti af sjálfsdáðum og gaf ekki kost á sér til endurráðningar í byrjun febrúar og Gunna Dís yfirgaf stöðina í desember. „Þetta var frábær útvarpsstöð og gott fólk sem vinnur þarna. Það er ekkert óeðlilegt hins vegar að fólk segi upp eða hætti í vinnu í þessum bransa eftir dágóðan tíma – sérstaklega í ljósi stefnubreytinga. Mér fannst bara komið gott fyrir minn hlut og sá ekki fyrir mér framtíð þar lengur en ég hef unnið nokkuð mörg verkefni fyrir fyrirtækið síðan 2003, undir fjórum framkvæmdastjórum og tveimur dagskrárstjórum. Vonandi gengur öllum vel sem þar eru eftir og þeim sem koma í staðinn fyrir okkur sem hafa hæft. Það verður ekkert mál fyrir KISS að finna gott fólk.“



Stefán Hilmarsson og Snorri í Idolinu eru skuggalega líkir

Stefán Hilmarsson
Einn af okkar ástsælustu söngvurum.



Snorri í Idolinu
Snorri, eða hvíti kóngurinn eins og hann er þekktur, er skuggalega líkur Stebba Hilmars.

SNORRI NÆSTI STEBBI HILMARS ÍSLANDS?

H&N-mynd
Ari Magg/E. ÓL/

Það hefur ekki farið framhjá neinum hversu líkur Snorri Snorrason í Idolinu er einum okkar helsta söngvara, Stefáni Hilmarsyni. Sama ljósa hárið og háu tónarnir. Snorri er kannski aðeins meiri rokkari en Stefán sem á glæsilegan söngferil að baki og það verður gaman að sjá hvort Snorra takist eins vel upp. Verður hann næsti Stefán Hilmars Íslands? Tíminn verður að leiða það í ljós.





Snorri Snorrason
Stendur sig vel í Idolinu og á vonandi eftir að eiga farsælan söngferil í framtíðinni.

HELGIN SEM LED Á DJAMMINU

Það var mikið um að vera þessa helgina. **Hanni Bachmann** bauð öllum bænum í þrítugsafmæli sitt á Rex og var mikið stuð þar á bænum. Í afmælinu voru hans nánustu vinir og ættingar og **Vilhjálmur pabbi Unnar Birnu** og **Andrés Pétur**. Á röltinu voru **Elly Ármanns** og vinkona hennar **Snæfríður Ingadóttir**.

Á Akureyri var líka stuð, þar var **Ásgeri Kolbeins** sá flottasti í brekkunum og á dansgólfinu ásamt **Brynju Björk** og **Robba Chronic**. Mamma Robba, **Brynja Nordquist**, kíkti á Oliver ásamt manni sínum **Pórhalli Gunnarsyni**. Einnig á Oliver var **Vilhjálmur Vilhjálmsson** lögræðingur og **Anna Lilja Johansson** ásamt **Gumma Jóns úr Sálinni**. **Björn Jörundur** kíkti á Egó-tónleika og skemmti sér vel, en það gerði **Björk Vilhelmsdóttir** borgarfulltrúi líka. **Oddur Ásráðsson** á NFS djammaði á Vegamótum, en þar var líka **Bolli Thoroddsen** ásamt kosningastjóra sínum **Ara Tómassyni**. **Siggi í Hjálmu** var vel snyrtur á Kaffibarnum, en **Hommi og Nammi**, lífverðir Silvíu Nóttar, skelltu sér á Hverfisbarinn. Idol-krakkararnir fengu sér einn kaldan í Hvebbanum en þar var **James Dean Íslands** **Ingó** ásamt **Ragnheiði Söru**.



RAGGI BJARNA SÖNG FYRIR MÍNUS-BARNIÐ

Bjössi í Mínus og kærasta hans Íris skírðu litla barnið sitt um helgina ásamt systur Bjössa sem einnig var að skíra barnið sitt.

Litla prinsessan fékk nafnið Salka og það var enginn annar en stórsöngvarinn Raggi Bjarna sem söng fyrir börnin við mikinn fögnuð. Raggi var einmitt með pabba Bjössa í hljómsveit á sínum tíma og skírnardagur Söllu hefði verið afmæli pabba Bjössa.



TÆLANDI AUGNARÁÐ Á OLIVER

Öfurskutlan **Anna Lilja Johansen** og lögræðingurinn **Vilhjálmur Vilhjálmsson** voru bæði stödd á Oliver um helgina. Það fór ekki framhjá neinum að miklir straumar voru á milli þeirra og tóku gestir staðarins sérstaklega eftir tælandi augnaráði þeirra.

H&N-mynd **Daníel Rúnarsson/Netið**



Stelpurnar í Oasis í Krínglunni reyna
að halda vinnupartí einu sinni í mánuði



Oasis-stelpurnar Ásta, Inga Dóra, Thelma, Linda, Katrín, Anna Margrét og Hjördís.

VIÐ SLÓGUM ALVEG Í



Flottar Stelpurnar hittust fyrst heima hjá einni en skunduðu svo í bæinn.

Texti Breki Logason H&N-mynd Ómar V

„Svo fórum við á Hverfisbarinn og þar voru Hommi og Nammi, við vissum ekkert af því en þetta var rosalega gaman.



GEGN

Víð ætluðum að hafa eurovisionþema en sáum svo Silvíu Nótt keppa helgina áður, þetta varð því úr á endanum,“ segir Ásta, verslunarstjóri í Oasis í Kringlunni, um vinnu-partí stelpnanna þar sem þemað var Silvía Nótt. Stelpurnar sem vinna í Oasis í Kringlunni eru sjö og miklar vinkonur að sögn Ástu. „Við reynum að hafa svona vinnu-partí einu sinni í mánuði og slógum alveg í gegn í þetta sinn.“

Stelpurnar tóku þemað alla leið og klæddu sig ekki bara upp eins og Silvía heldur töluðu líka eins og stelpan. „Svo fórum við á Hverfis-barinn og þar voru Hommi og Nammi, við viss-um ekkert af því en þetta var rosalega gaman,“ segir Ásta hress á því. Það var Flass 104,5 sem hélt partið á Hverfisbarnum.



Margar Silvíur Það var mikið lagt í búningana þetta kvöld og stelpurnar voru stórglæsilegar.



Flottir Hommi og Nammi eru þeir allra heitustu í dag.



Á hverfisbarnum Stelpurnar fóru á á Hverfisbarinn og hittu þar Homma og Namma, vini Silvíu Nætur.



Á djamminu Stelpurnar voru eldhressar í bænum og vöktu mikla athygli.



Flottir Ómar ljósmyndari Hér & nú fékk eina mynd af sér og Homma.



Með Pittaranum Ein Silvía Nóttin hittu ofursjarmörinn Hadda Pitt á Hvebbanum.

Góð aðstaða fyrir afmæli, árshátíðir og aðrar samkomur.

- Heildarlausnir fyrir hópa og smærri fyrirtæki allt að 80 manns
- Lífandi tónlist
- Bolti á risaskjá
- Idol alla föstudaga á risaskjá
- **Eurovision næsta laugardag**



Kirkjustétt 2-6, Grafarholti S. **567 8197**

opið:

Mán.-Fim. 18:00-23:30

Föstudaga 18:00-03:00

Laugardaga 11:30-03:00

Sunnudaga 11:30-23:30

EYDDU MILLJÓN Í GRÆJUR

Victoria og David Beckham fengu fyrstu sendinguna í nýja húsið í Madríd

Beckham-hjónin

Finnst gott að horfa á sjónvarpið þegar þau eru í fríi.

Beckham-hjónin vita hvað þau vilja. Það var varla búíð að klára nýja húsið þeirra í Madríd þegar fyrsta sendingin kom. Hjónin fóru í smávægis verslunarleiðangur og keyptu sér græjur fyrir hvorki meira né minna en eina milljón. Þar á meðal var 42 tommu plasmásjónvarp fyrir 400 þúsund, heimabíó, hátalar stærri en lífið sjálft, tveir Denon DVD-spilarar og aðrar glæsilegar græjur.

Victoria og David vita hvað þau vilja og eru ekkert að skafa af því og pössuðu sjálf upp á að græjurnar kæmst til skila á réttan stað inn í húsið. Það er greinilegt að þau lesa ekki mikið, og var sjónvarpið það fyrsta sem kom inn í húsið.

H&N-mynd Netið/Nordic Photos/Getty Images

Flottar græjur Beckham-hjónin eyddu milljón í sjónvörp, heimabíó og DVD-spilara. Ekki amalegt það.



Albert fursti af Mónakó ástfanginn

ÍPRÓTTASLÚÐUR *hér&nú*



xxxxxxxxxxxxx Albert fursti af Mónakó er kominn með kærustu. Hún er sunddrottning frá Suður-Afríku og heitir Charlene Wittstock.



Skotin Charlene hallaði sér upp að kærastanum.



Fyndinn Albert brá sér á leik fyrir myndavélarnar.

NÝJA KÆRASTAN ER SUNDDROTTNING

Albert Mónakófursti er nú staddur í Torínó á Ítalíu til að fylgjast með vetrarólympíuleikunum með nýju kærustu-

unni sinni, Charlene Wittstock. Charlene er frá Suður-Afríku og margverðlaunuð sundkona. Það fór ekki framhjá neinum hversu ást-

fangin þau voru og voru þau ekkert að fela það. Þau voru í eins klæðnaði og leið greinilega vel saman, óhrædd við myndavélarnar.

H&N-mynd Nordic Photos/Getty Images



Bestur Jón Helgi
(tengdababbi Snorra) og
synir Snorra Alexander,
Leó, Mikael og Gabriel.



Tinna Björk Datt út úr
Idolinu á föstudaginn og var
skiljanlega mjög ósátt.

Svekkt!

LÍFSSTÍLL



Trommurnar í lagi Það er mikið verk að stjórna einni Idólútsendingu.

Tinna Björk var þriðji keppandinn til þess að detta út



ÉG VONA AÐ DÓMARARAR



Allt klárt Tæknimenn Idolsins gera allt klárt fyrir kvöldið.

Ég vona að dómarnir séu sáttir núna," sagði hin 16 ára gamla Tinna Björk Guðjónsdóttir eftir að ljóst var að hún þurfti að kveðja Idolið. Tinna tók lagið Eternal flame en náði sér ekki á strik. Hún hefur mikið verið gagnrýnd af dómnefndinni en hefur svarað þeim fullum hálsi. „Hva, viljið að ég syngi bara Línu Langsokk eða?“ sagði hún eftirminnilega í fyrsta þættinum í Smáralindinni.

Það kom mörgum á óvart að Nana skyldi vera meðal þriggja neðstu þetta kvöldið en hún slapp fyrir horn. „Þetta er ekki bara lögreglumál, það þarf að fara með þetta niður í ráðuneyti strax á mánudag," sagði Einar Bárðarson sem farið hefur á kostum í dómarsætinu. Hér & nú þakkar Tinnu Björk fyrir skemmtilega framkomu í Idolinu og vonar að henni vegni vel í framtíðinni.



Texti Breki LogasonH&N-mynd Daníel

Konan Inga, eiginkona Snorra úr Idolinu, og Gabríel, sonur hans.



Aðdáendur Jenni og Magnús standa með Eiríki vini sínum í Idolinu.

Áfram ína Eiður og Guðni, bróðir Inu, voru mættir og stóðu með sinni stelpu.

MIÐIR SÉU SÁTTIR NÚNA




Vöðvavélin Alexander Aron átti stóran hóp aðdáenda í Smáralindinni.



Töf fót Haldin var heljarinnar tiskusýning í tilefni af kvöldinu.

Eitt þúsund konur mættu á konukvöld Létt 96,7

Kynþokkafyllsti karlmaðurinn Garðar Thór Cortes á hug og hjarta kvenna á Íslandi.



Ungfrú heimur Ungfrú heimur, Unnur Birna Vilhjálmstöðttir, mætti á konukvöldið ásamt vinkonu sinni Signýju.

KONURNAR ÓÐAR

Um eitt þúsund konur mættu á árlegt konukvöld Létt 96,7 sem haldið var í Smáralindinni í síðustu viku. „Þetta heppnaðist alveg rosalega vel. Bergþór Pálsson var kynnir og ég var honum innan handar,“ segir Sígga Lund, útvarpskona á Létt 96,7. „Í hléinu voru búðirnar opnaðar með sérstökum afslætti. Top Shop var meðal annars með Idol Sing Star-keppni þar sem Sígga Beinteins var dómari.“

Garðar Thór Cortes var valinn kynþokkafyllsti karlmaður Íslands í heljarinnar könnun sem Létt gerði og má segja að konurnar hafi verið yfir sig hrifnar. „Bergþór og Garðar tóku síðan óvænt lagið og sungu brot úr Öskubusku. Það vakti gífu-<rlega lukku hjá konunum,“ segir Sígga hæstánægð með vel heppnað kvöld.



Í megafíling Bjarni Ara söng af mikilli innlifun á konukvöldinu.



Flottur maður Söngvarinn Garðar Thór Cortes var að vonum ánægður með titilinn. Kynnir kvöldins voru Sígga Lund og Bergþór Pálsson.

Konurnar misstu sig yfir Garðari
Konurnar voru allar sammála um að Garðar væri kynþokkafyllsti karlmaðurinn.



Í GARÐAR THÓR

Sigríður Klingenberg Sigríður var hress á konukvöldinu og spáði fyrir konunum.



Sing Star keppni Sigga Beinteins Sigga hefur efflaust ekki skafið af því í Sing Star-keppninni.



Magadansmeyjar Þessar gullfallegu konur tóku nokkur falleg spor fyrir konur í Smáralindinni.





Kvikmyndastjórnur
Björn Hlynur og Lilja Nótt á frumsýningunni.

Risastór Björn Hlynur, Gloria Viagra plötusnúður og Lilja Nótt.



Falleg Aðalleikarar myndarinnar, Björn Hlynur Haraldsson og Lilja Nótt brostu út undir eyru.



Kampakátir Björn Hlynur og Jóhann Sigurðarson.

LÍFSSTÍLL



Strákarnir okkar á kvikmyndahátíðinni í Berlín

RISASTÓR PLÖTUSNÚ



Hópurinn Á kvikmyndahátíðum er ýmislegt sem þarf að svara fyrir.

Þarna var plötusnúður í partíinu sem heitir Gloria Viagra og var mjög hress," segir Lilja Nótt, ein af aðalleikurum í Strákunum okkar, sem er nýkomin heim af kvikmyndahátíðinni í Berlín. „Það var haldið þarna rosalegt frumsýningarpartí fyrir okkur Íslendingana. Við fengum mjög finar viðtökur og mikla eftirtekt," segir Lilja og hraðaði sér út í flugvél.

Berlínarhátíðin er ein stærsta kvikmyndahátíð í Evrópu og stendur yfir í tíu daga. Kvikmynd Róberts Douglas, Strákarnir okkar, var frumsýnd þar en auk þess var aðalleikari myndarinnar, Björn Hlynur Haralds-

son, í svokallaðri „Shooting stars“ leikarakynningu. Það er hópur ungra og upprennandi kvikmyndaleikara sem valinn er á hverju ári og þykir nokkur heiður að vera valinn í hann.

Með í för á hátíðinni voru, auk Björns og Lilju, Róbert Douglas, leikstjóri myndarinnar, og Júlíus Kemp framleiðandi. Einnig mátti sjá leikarann Jóhann Sigurðarson og að sjálf-sögðu lét Ingvar Þórðarson sjá sig. Rúnar Rúnarsson, sem tilnefndur er til óskarsverðlaunanna fyrir Síðasta bæinn, var einnig á svæðinu. Lilja segir að eftirpartíð hafi heppnast vel og allir hafi skemmt sér glimrandi vel.



Flippari Róbert Douglas bregður á leik með Júlíusi Kemp og Lilju Nótt.



Óskarsmaðurinn Rúnar Rúnarsson, sem tilnefndur er til óskarsverðlaunanna, og Karólína Stefánsdóttir voru flott.



Gleði Lilja Nótt og Júlíus Kemp brostu sínu blíðasta.

ÞUR Í EFTIRPARTÍINU

„Það var haldið þarna rosalegt frumsýningarparti fyrir okkur Íslendingana. Við fengum mjög fínar viðtökur og mikla eftirtekt“



Shooting Star Björn Hlynur var valinn í svokallaða „Shooting Star“ leikarakynningu á hátíðinni.



Flottir Róbert Douglas og Björn Hlynur voru flottir í Berlín.



Flott par María Hrund og fréttamaðurinn Finnur Beck voru flott saman á tónleikunum.



Gamlir aðdáendur Álfheiður Óladóttir, Elínborg Magnúsdóttir og Jón Magnús voru sæl og glöð á tónleikunum.



Með öllara Sigfinnur og Hafsteinn komu til að sjá Mannakornin.



Flottur Trommarinn Gunnlaugur Briem fór á kostum í Salnum þetta kvöldið.

MÖGNUM MANNNAK

Fjöldi gesta mætti á
afmælistónleika
Mannakorna



ORN

Kóngurinn Magnús Eiríksson fór á kostum á tónleikunum.

Góðir!



Pálmi Gunnarsson Er einhver ástsælasti söngvari þjóðarinnar.



Refirnir Ómar Valdimarsson og Jónatan Garðarson létu sig ekki vanta.

Mannakornin Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson hafa sungið sig inn í hjörtu margra í gegnum tíðina.



Feðgarnir Páll Magnússon útvarpsstjóri og sonur hans, Páll, skemmtu sér konunglega.

Hljómsveitin Mannakorn hélt þrjátíu ára afmælistónleika í Salnum í Kópavogi í síðustu viku sem báru heitið Í gegnum tíðina. Pálmi Gunnarsson og Magnús Eiríksson fóru þar fyrir flokki úrvals hljóðfæraleikara og léku helstu slagara sveitarinnar. Gunnlaugur Briem spilaði á trommurnar og fjöldinn allur af fólki mætti í Salinn.



Bara töffari
Jay-Z er mega-flottur í hvítum jakkaötum og í John Lennon bol. Hann er tiskukóngur.



Hvitt er inn
Það er greinilegt að hvítt er vinsælt hjá tónlistarmönnum. Ludacris mætti í hvítu.



FLOTTUSTU ÞÖRIN

Alltaf töff Rapparinn Jay-Z og Beyoncé Knowles eru svo sannarlega eitt af heitustu þörunum.

Beyoncé og Gwen Stefani á Grammy-verðlaununum

LANGFLOTTASTAR



Flottur Rapparinn Common mætti í hvítu og var flottur á því.



Flottar stöllur Kelly Rowland og Michelle Williams voru flottar á Grammy-verðlaununum.



Beyoncé Knowles Er alltaf elegant og óaðfínanleg.

FLOTTASTAR





Flottir foreldrar Gavin Rossdale er alltaf flottur í tavinu og Gwen bar af í hlébarðakjól með gullfállega kúlu.

LÍFSSTÍLL

Töffari / rauðri opinni skyrtu, háum svörtum buxum og hvítum jakka. Takið eftir fylgihlutunum.



Extra „smooth“ Kayne á þetta úr.



Hvað er málið? Söngkonan Donna Rai, sem engin veit hver er, fór af kostum á hátíðinni og er greinilega mjög sátt við útlitið.

HVAÐ Í ANDSK...?



EKKI SMART



Koss frá Bono Gwen Stefani fékk koss á bumbuna frá Bono.



EKKI flott Britney Spears og K-Fed mættu á Grammy-verðlaunin. Ekki er hægt að segja að kjóllinn sé sá besti. Hann er alltof stuttur.


LANG FLOTTASTUR



Kayne West Er ótrúlega flottur í þessum lilabláu jakkfötum.



Bubbi Morthens vandlátur í klæðaburði



Ertu að verða náttúruleaus? Bubbi á Hættu-tónleikunum í bláa ermalausum bolnum.

Filar hvítar skyrtur íslensku tónlistarverðil

LÍFSSTÍLL



Með Nylon-stelpunum Hér er Bubbi ásamt Nylon-skvísunum í fræga bláa bolnum.

ELSKAR BLÁA BOLINN



Hvitt fer honum vel Hér sést Bubbi í annari hvítri skyrtu.

Bubbi okkar Morthens er greinilega mjög vandlátur í klæðavali. Oft á tíðum sést hann í niðþröngum, ermalausum bláum bol og þá sérstaklega þegar hann kemur fram á tónleikum. Þá sést hann einnig oft í hvítri skyrtu með hvítum röndum.

Hér & nú tók saman myndir

sem við eigum af kappanum í þessum fötum og þær eru þó nokkrar. Bubba líður greinilega mjög vel í hvítri skyrtu og slíkt fer honum mjög vel. Það er þó nokkuð furðulegt að maðurinn sem skrifaði undir samning upp á milljónir króna við Sjóvá skuli ekki ganga í fjölbreyttari klæðnaði. Bubbi er greinilega vandlátur maður með einfaldan smekk.

H&N-mynd Stefán, Daniel Rúnarsson, Páll Bergmann/E.ÓL.



Í hvítu skyrtnni
Bubbi Morthens á konukvöldi Létt 96,7 í hvítu skyrtnni.



Enn ein hvít Bubbi á miðnæturtonleikum Egó í enn einni hvítri skyrtni.



Líður vel í hvítri skyrtni Það er greinilegt að kónginum líður vel í hvítu skyrtnni sinni sem er reyndar mjög flott. Kannski á hann nokkrar til skiptanna.



Idol-auglýsingin
Bubbi ásamt hinum Idol-dómurinum. Í hvítu skyrtnni.

OG HVÍTU SKYRTUNA



Á útgáfutónleikum
Bubbi á útgáfutónleikum sínum í Þjóðleikhúsinu í einni hvítri.

FLOTTIR FYLGIHLUTIR Í VETUR

Fylgihlutir eru jafnauðsynlegir og falleg fót og gera oft útslagið í flottu útliti. Hér & nú tók saman það heitasta í fylgihlutunum.



Accessorize
Hálsmen
1499 kr.



Isis
Palliettubelti
1490 kr.
Hálsmen 2500 kr.
Svartir eyrnalokkar
2490 kr.

Kiss
Armbönd
1990 kr. stykkið



Accessorize
Gylltir eyrnalokkar 650 kr.



Isis
Hálsmen með
fiðrildum 4990 kr.
Armband 3490 kr.
Eyrnalokkar
1790 kr.

Accessorize
Hárspenna
899 kr.
Hringur
1250 kr.



Isis
Kambar 2990
kr. stykkið


Accessorize
Gyllt kopararmband 750 kr.



Kiss
Svart belti, líka
tíl í hvítu
3990 kr.

Kiss
Hálsmen
1990 kr.
Eyrnalokkar
990 kr.

Tiskuhornid



vitamin.is



HEITUSTU VÖRURNAR

Verslun Vítamin.is - Ármúla 32 – s. 544 8000

Opið mán-fös 10-18 & laug 11-15

Verslun Vítamin.is - Gránufélagsgötu 4 (JMJ Húsi)

– s. 466 2100

Opið mán-fös 16-18.30 & laug 11-13

Íslendingar skemmtu sér vel á þorrablóti í Kaupmannahöfn

Asnaeyru Það hefur einhver verið að stríða sendi-herranum Svavari Gestssyni og sett á hann asnaeyru. Á myndinni er hann með spúsu sinni Guðrúnu Ágústsdóttur.



SVAVAR GESTS MÉÐ ASNAEYRU



Taka tvö Ljósmyndaranum leist ekkert á asnamyndina og tók aðra af þessum myndarlegu hjónum.



Íslendingar kunna að skemmta sér Helgi, Einar Þór, Ingví og Elín Freyja voru í stuði.

Híð árlega þorrablót Íslendinga í Danmörku fór vel fram um síðustu helgi og skemmtu menn sér langt fram á nótt. Hljómsveitin Sixties skemmti Íslendingunum ásamt sjálfum Valgeiri Guðjónssyni.

Veislan var haldin í veislusal í Tivolínu og boðið var upp á gómsætan þorramat. Það fer ekki á milli mála að mikið stuð var í veislunni.

H&N-mynd Karól Kvaran



Apple er best Starfsmenn Apple-umboðsins í Skandinavíu skemmtu sér vel.

LÍFSSTÍLL



Fótboltaherbergið Það var mikið stuð í fótboltaherberginu svokölluðu.



Fótboltaliðið Guðrún Fótboltaliðið Guðrún tók á móti bikarum fyrir fyrsta sætið í Ícelandíair Open-mótinu.



Stuð hjá þessum Það var mikið stuð á þorablóttinu eins og sést á þessari mynd.



Allir dansa conga Congadansinn var tekinn á þorablóttinu í Kaupmannahöfn um helgina og var greinilegt að mikið stuð var í kongsens Köbenhavn.



Fjör í Köben Jón Runólfsson í Jónshúsi og kona hans, Inga Harðardóttir, skemmtu sér vel.



Skemmtu sér vel Friðsemd, Grímur og Jón skemmtu sér vel á þorablóttinu sem haldið var í veislusal í Tívolíinu.



Kósi Það fór vel á með þeim Hrafnhildi og Flosa.



Sæt söngkona Það geislaði af Ragnheiði Gröndal söngkonu á þorablóttinu.

SPURNINGAKEPPNI



Úrslitaviðureignin í spurningakeppni fræga fólksins er ekki af verri endanum. Viðar úr Helvítis morgunþættinum skoraði á Hermann Gunnarsson sem hér mætir Gísla Marteini Baldurssyni.

1. Hver er nýr stjórnandi Ísland í bítíð? „Sigríður Arnardóttir, Sírý.“

9. Hver er höfuðborg Tyrklands? „Ankara.“

2. Hvað heitir lag-ið sem Birgitta Haukdal syngur í undankeppni Eurovision? „Það heitir Mynd af þér.“



10. Hvað hefur flámælti leigubílstjórinn í Spaugstofunni verið leigubílstjóri lengi? „Tuttugu og fimm ár.“

3. Hver er formaður HSI? „Ingvarsson og heitir Gunnar. Nei, Guðmundur Ingvarsson.“

11. Hvaða söngkona fékk Grammy-verðlaun fyrir að vera besta söngkonan? „Ég segi Mariah Carey.“

4. Hvað heitir Benni Hemm Hemm? „Hann heitir Benedikt Hermann Hermannsson.“



12. Hvað heitir hundurinn í Never ending story? „Ekki hugmynd.“

5. Hver er stjórnarformaður Bakka-varar? „Það er Ágúst Guðmundsson.“

13. Hver bjó til Silvíu Nótt? „Ágústa Eva Erlendsdóttir og Gaukur Úlfarsson.“

6. Hvað heitir söngvari Gorillaz? „Er það ekki Damon Albarn?“

14. Hvað hét útvarpsþáttur Simma og Possa á X-inu? „Einhver karatefilmingur, drekkinn eitthvað. Á slóð drekans.“

7. Hvert er póstnúmerið á Seltjarnarnesi? „Það er 170.“

15. Hvað er H5N1? „Er það ekki fuglaflensan?“



8. Hver skrifaði bókina Fyrirlestur um Hamingjuna? „Ég er ekki með það.“

RÉTT SVÖR

1. Sigríður Arnardóttir (Sírý) 2. Mynd af þér 3. Guðmundur Ingvarsson 4. Benedikt Hermann Hermannsson 5. Ágúst Guðmundsson 6. Damon Albarn 7. 170 8. Guðrún Eva Mínervudóttir 9. Ankara 10. Í 25 ár 11. Kelly Clarkson 12. Falcor 13. Gaukur Úlfarsson og Ágústa Eva Erlendsdóttir 14. Í klóm drekans 15. Fuglaflensan (ákveðinn stofn hennar)

Gísli Marteinn Baldursson

FRÆGA FÓLKSINS

1. Hver er nýr stjórnandi Ísland í bítíð? „Það er Sirrý.“

2. Hvað heitir lagið sem Birgitta Haukdal syngur í undankeppni Eurovision? „Mynd af þér, er það ekki?“

3. Hver er formaður HSÍ? „Guðmundur Ingvasson.“

4. Hvað heitir Benni Hemm Hemm? „Hann heitir Benedikt Hermann Hermannsson.“



5. Hver er stjórnarformaður Bakkavarar? „Þessir bræður, það er Ágúst Guðmundsson.“



6. Hvað heitir söngvari Gorillaz? „Ég held að það sé Damon Albarn.“



7. Hvert er pósthúsið á Seltjarnarnesi? „Nú þarf ég að hugsa, það er 170.“

8. Hver skrifaði bókina Fyrirlestur um Hamingjuna? „Það var hún Mínerudóttir, Guðrún Eva.“



9. Hver er höfuðborg Tyrklands? „Það er Ankara.“

10. Hvað hefur flámælti leigubílstjórinn í Spaugstofunni verið leigubílstjóri lengi? „Hann er búinn að vera í 25 ár.“

11. Hvaða söngkona fékk Grammy-verðlaun fyrir að vera besta söngkonan? „Ekki Björk, hún heitir Kelly og er Clarkson.“

12. Hvað heitir hundurinn í Never ending story? „Mig langar að skjóta, Iron Giant.“

13. Hver bjó til Silvíu Nótt? „Ágústa Eva, sem er Silvía Nótt, og hann heitir Gaukur Úlfarsson.“

14. Hvað hét útvarpsþáttur Simma og Possa á X-inu? „Það var helvítis kjaftangangur í þeim, í klóm drekans.“

15. Hvað er H5N1? „Það er fuglaflensa.“



Gísli Marteinn – 11 rétt

Hermann Gunnarsson – 14 rétt

Þvílíkur árangur hjá Hermanni Gunnarssyni. Einn ástsælasti maður þjóðarinnar skellir hér Gísla Marteini sem staðið hefur sig vel allan tímann í keppinni. Það sigrar samt enginn Hemmann sem náði 14 réttum og setti nýtt met. Hann er því gáfaðasti frægi maður þjóðarinnar. Að launum fær hann tvo miða í Þjóðleikhúsið og út að borða á Skólaláru, sem reyndar er í eigu Hendriks sonar hans.

Gísli Marteinn vs. Hermann Gunnarsson



Sáttur Jón Mýrdal, blaðamaður
Hér & nú, afhendir Hemma vinn-
inginn fyrir að vera gáfaðastur.



Flottur Hemmi
er mjög sáttur
við nýja bílinn.

Gáfaðastur!

„Þetta er 2004 árgerðin af Lexus, það var einhver skvísa sem átti hann á undan mér, hann er keyrður 9 þúsund kílómetra.“

Hermann Gunnarsson er gáfaðasti frægi maður þjóðarinnar og var að fá sér nýjan Lexus

ÉG ER NÚ ENGINN RO

ALVÖRU
FÓLK

Nýi bíllinn Hemmi Gunn og nýi bíllinn, Lexus 2004 árgerð.

Strákarnir í Toyota kynntu þennan bíl fyrir mér, svo maður smellti sér bara á hann," segir Hermann Gunnarsson, gáfaðasti frægi maður Þjóðarinnar, um nýja bíllinn sinn. Hemmi sigraði Gísla Marteinn Baldursson í úrslitaviðureigninni í Spurningakeppni fræga fólksins. Hemmi setti þar nýtt met þegar hann slátraði 14 af 15 spurningum og skildi ekkert í því hversu góður hann var. Hermann fékk sér nýjan bíl fyrir skömmu. „Þetta er 2004 árgerðin af Lexus, það var einhver skvísá sem átti hann á undan mér, hann er keyrður 9 þúsund kílómetra," segir Hemmi og bætur við að bíllinn hafi aldrei verið þvegin með burstum. Hermann er mjög sáttur með nýja bíllinn en segist þó ekki vera mikill bílakall.

Spurningakeppni fræga fólksins hefur verið í gangi í vetur í Hér & nú. Margir nafntogaðir einstaklingar hafa reynt við spurningarnar með misjöfnum árangri. Framan af var Ásgeir Kolbeinsson næstum ósigrandi en Sigmar Guðmundsson úr Kastljósinu sló hann svo út. Að lokum stóð Hermann Gunnarsson svo uppi sem sigurvegari. Að sjálf-söggðu fékk Hemmi verðlaun frá okkur á Hér & nú, miða fyrir tvo í Þjóðleikhúsið og út að borða á Skólalabú. Hermann var að vonum ánægður en Skólalabú er í eigu Hendriks sonar Hemma Gunn. „Ég ætla nú rétt að vona að strákurinn geri vel við gamla kallinn," sagði Hemmi að lokum og hló með sínum einstaka hlátri. Hér & nú óskar Hemma til hamingju með sigurinn – og auðvitað nýja bíllinn.

Texti Breki Logason og Jón Mýrdal
H&N-mynd Villi



Lexusinn „Strákarnir í Toyota kynntu þennan bíl fyrir mér, svo maður smellti sér bara á hann.“

SALEGUR BÍLAKALL



Guðrún Ásmundsdóttir

Á fallega ástarsögu sem hún deilir hér með lesendum Hér & nú.

Ástarsagan

GRÓÐURSETTI TRÉ Í GARÐINN

Stóra ástarsagan í mínu lífi hófst 10 árum áður en ég hittí manninn sem mér var ætlaður. Þannig hefur Guð hlutina ef við trúum á hann og biðjum til hans um aðstoð og varðveislu því hann byrjar að plana hlutina löngu áður en við vitum að við þurfum á gjöfunum hans að halda. Ég tók að mér

leikstjórn suður með sjó, í Garðinum nánar tiltekið, og setti þar upp leikgerð sem ég hafði gert eftir gamanleiknum Spanskflugunni. Í þann ágæta gamanleik setti ég söngva frá fjórða áratugnum. Í Garðinum hittí ég fyrir 19 ára gamla áhugaleik-konu sem söng alveg yndislega og lék eins og engill.

Leikstjórinn fann sig í því að vilja helst bara æfa atriðin sem hún var í. Eitt sinn kom ég á æfingu, sem ég vissi að mundi standa fram á nótt og var þess vegna með tíkina mína, hana Söndru, með mér í bílnum. Hún hafði fengið nafnið Sandgerður af því að hún var ættuð úr Sandgerði. Fyrst ég er búin að

segja hvað tíkin hét get ég ekki verið þekkt fyrir annað en segja frá nafni stúlkunnar sem átti eftir að verða örlagavaldur í lífi mínu: Hún heitir Guðríður Júlíusdóttir.

Ég sakna þín svo mikið

Sandra elskaði söng og vildi alltaf „syngja“ með í söngatrið-

ALVÖRU FÓLK

Brallað margt Birgir og Guðrún hafa brallað margt saman.

„Nú förum við til Birgis, hann er með trjárækt og getur áreiðanlega selt þér tré í garðinn þinn“

Flott Guðrún og Birgir eru mjög ástfangin.

OG ÁSTINA Í HJARTA MITT

unum, en það gekk ekki upp eins og gefur að skilja. Kom þá Guðríður til mín og sagðist skyldu fara með Söndru heim til sín og biðja foreldra sína að passa hana á meðan á æfingum stóð. Seint um nóttina fórum við í lítið hús í grennd við Garðskagavita að sækja Söndru. Þar fékk ég að kynast

foreldrum Guðríðar og svo sýndi hún mér dýrgripina sína: Fyrst skal þar nefna yndislegt tveggja mánaða barn hennar sem hún annaðist með hjálp foreldra sinna. Svo átti hún stórglæsilegan hund, sömu tegundar og Sandra var, og hest þar að auki.

Það kom að því að Spansk-

flugan var frumsýnd og verkið sló í gegn, því ásamt Guðríði voru fleiri leikarar þarna suðurfrá sem stóðu sig frábærlega. Eins og gerist og gengur fer maður að sýsla við við ný verkefni og umgangast nýtt fólk. En þrem mánuðum seinna hringdi síminn og ung rödd sagði í símann: „Sæl, þetta er

Gurri, ég á svo sem ekkert sérstakt erindi við þig, ég sakna þín bara svo mikið.“

FRAMHALD Á NÆSTU SÍDU

GRÓÐURSETTI TRÉ Í GARÐINN OG ÁSTINA Í HJARTA MITT



Barnabörnin Raket Mjöll, Ragnheiður, Íris María og Viktor Már.

ALVÖRU FÓLK



Örlogavaldurinn Guðríður Júlíusdóttir með eiginmanni sínum, dóttur og syni. Einar, Guðríður, Sigurjón og Sunna.



Sonurinn Ragnar Kjartansson sonur Guðrúnar, mjög ungur.

Áttu löng og trúnaðarleg samtöl

Það undarlega var að ég var þá þannig stödd í lífinu að ekkert var það sem ég þurfti meira á að halda en því að einhver einhversstaðar saknaði mín. Þannig upphófst vinátta mín og þessarar indælu stúlku, þótt aldursmunur væri mikill og aðstæður okkar ólíkar. Við hringdum hvor í aðra og áttum löng og trúnaðarfull samtöl. Ég hvatti hana óspart til að ljúka við menntaskólann en stúdentsprófi hafði hún ekki lokið vegna barnsburðar og umönnunar litla sonarins. „Ég get ekki ætlast til þess af pabba og mömmu að þau sjái alfarið um strákinn á meðan ég er í Reykjavík við nám,“ sagði hún við mig eitt sinn í símann, en svo vel vildi til að Ella, mamma hennar, heyrði þessa yfirlýsingu hennar í símann. Hún dreif í málunum og vakti dóttur sína morguninn eftir með þessum orðum: „Við pabbi þinn erum búin að ræða málið, við gætum hans Einis og þú ferð til Reykjavíkur og við erum búin að

útvega stað fyrir þig að búa á í höfuðstaðnum á meðan á náminu stendur. Svo kemur þú hingað um helgar og hjálpar okkur.“ Guðríður lauk stúdentsprófinu með sóma. Svo fór hún með strákinn sinn á Bændaskólann á Hvanneyri, því þar gat hún haft hann hjá sér á meðan á náminu stóð. Og auðvitað hitti hún sætasta strákinn í skólanum, bóndason úr Holtunum, sem hún giftist og flutti með í sveitaskóluna.

Var með trjárækt

Daginn, þegar straumhvörf urðu í lífi mínu, hringdi Gurrí úr Holtunum og sagði: „Hæ, þetta er Gurrí! Er ekki allt í lagi hjá þér?“ „Jú, jú svaraði ég, af hverju spyrðu?“ – „Mig dreymdi þig í nótt.“ Og svo sagði hún mér frá draumnum. Það var rétt eins og hún sæi inn í mitt innra líf: Konan í draumnum hafði verið fráskilin í eitt ár, allt leit vel út á yfirborðinu, en eins og margar fráskildar konur kannast við var í brjóstinu eitthvert tóm,

sem erfitt var að fylla upp í. Gurrí hvatti mig til að koma að heimsækja sig þangað austur. „Ég get það ekki,“ sagði stressaða Reykjavíkurfrúin, „ég hef svo mikið að gera,“ og kom með langa upptalningu og ástæður fyrir því að ég væri alveg ómissandi á höfuðborgarsvæðinu. „Ég hef líka mikið að gera,“ sagði hin nýgifta sveitakona hæglátlega, „en ég ætlaði að taka mér frí á morgun í tilefni af komu þinni.“ Þetta stóðst ég ekki og skellti mér til hennar í sveitina. Hvílik veisla sem hún hafði búið mér með silung sem hún hafði veitt úr vatninu rétt við bæinn sinn, síðan var farið í reiðtúr og þar á eftir sagði Gurrí: „Nú förum við til Birgis, hann er með trjárækt og getur áreiðanlega selt þér tré í garðinn þinn. Mér finnst hann hálf snautlegur fyrir framan þetta fallega hús þitt.“ (Gurrí átti það líka til að vera óþægilega hreinskilin.) Hún tók pönnukökupönnuna sína með í leiðangurinn, sagði að Birgir byggi einn, og ef við

ættum að fá eitthvað með kaffinu yrðum við að sjá fyrir því sjálfar.

Gróðursetti tré

Þegar við komum að Hrafn-tóftum, bænum hans Birgis, var enginn heima. Gurrí brunaði inn í eldhús og byrjaði pönnukökubaksturinn og skömmu seinna kom Birgir og sagði okkur þær fréttir að folald hefði fæðst þá um nóttina. Við förum út í haga með honum og sáum dýrðina. Ég fékk að gefa foldaldinu nafn og valdi nafnið KYRRÐ, því Gurrí hafði sagt mér að aðall vel tamdra hesta væri að þeir stæðu kyrrir þegar þeim væri sagt það, þótt óróleiki gripi um sig í kringum þá. Svo fékk ég að velja mér tré í snautlega garðinn minn og Birgir sagðist myndu koma við hjá mér í næstu bæjaferð með trén. Hann kom og gróðursetti tré í garðinn fyrir utan Grandaveg 36 og ástina í hjarta mitt.“

Texti Guðrún Ásmundsdóttir og Breki Logason
H&N-mynd Valli & Úr einkasafni



I LOVE LOVE

CHEAPANDCHIC
MOSCHINO

Hárgreiðslufeðgarnir Eiríkur og Jóhann Þór á Greifanum

*„Stundum er ræddur fótbolti hérna á stof-
unni en það er alltaf skemmtilegast þegar
það koma menn sem halda með öðrum lið-
um en við, þá færast fjör í leikinn.“*

HIRÐHÁRGREIÐSLUMENN

Ég hef rekið Greifann síðan 1982,“ segir Eiríkur Þorsteinsson hárgreiðslu-
meistari. Hann rekur stofuna ásamt
syni sínum Jóhanni Þór sem lærði hjá föður
sínunum. „Það er bara mjög gott að starfa
svona með syni sínum,“ segir Eiríkur. „Við
erum búnir að starfa saman í fimm eða sex
ár og samstarfið gengur mjög vel, við skipt-
um þessu bróðurlega á milli okkur,“ segir Eiríkur og hlær.

Margt hefur breyst

„Ég kláraði að læra árið 1970 en fór ekki

á fullt fyrr en sex árum síðar, árið 1976, því
áður var ég aðeins á sjónum,“ segir Eiríkur.
Hann segist hafa nokkra fastakúnna sem
hafa verið hjá honum frá upphafi. „Það er til
dæmis einn kúnni sem kemur til mín tvisvar í
mánuði. Sumir karlar vilja alltaf vera ný-
klipptir og vilja helst ekki að nokkur taki eftir
því. Sumir vilja alltaf vera með sömu
hárgreiðsluna og vilja engu breyta.

Gefa KR-ingum afslátt

Feðgarnir eru miklir aðdáendur knatt-
spyrnuliðs KR og mætir Eiríkur á alla

heimaleiki liðsins. „Við fáum að klippa
nokkra úr liðinu. Sonurinn er nú reyndar
duglegri við það en ég,“ segir Eiríkur sem er
mjög stoltur af liðinu sínu og á von á því að
KR-ingar komi til með að standa sig vel í
boltanum í sumar. „Ég vona að liðið verði
ofarlega í deildinni í sumar. Stundum er
ræddur fótbolti hérna á stofunni en það er
alltaf skemmtilegast þegar það koma menn
sem halda með öðrum liðum en við, þá fær-
ist fjör í leikinn.“ Að lokum segir Eiríkur að
þeir feðgar gefi sönnum KR-ingum að sjálf-
sögðu afslátt af klippingu.



**Hirðklipparar KR-
liðsins** Eiríkur hefur
rekið Greifann á Hring-
braut í tuttugu ár.

ALVÖRU
FÓLK

Lukkutröllid Eiríkur er með þetta hárprúða lukkutróll á rakarastofunni.

Pabbi, það er síminn

Það er samvinna hjá feðgunum á rakarastofunni Greifanum.

KR-INGA

Eiríkur og Jóhann

Flottir feðgar sem klippa vesturbæinn.



1 Fótbolta-strákur

„Ég hef æft fótbolta með FH frá fjögurra ára aldri.“



2 Tónlistar-maður

„Ég tók þátt í Músíktilraunum árið 2004.“



3 Saltmaður

„Á sumrin vinn ég við að selja salt.“

4 Gengur vel

„Það gengur vel.“

5 Hitti Seinfeld

„Ég „hitti“ einu sinni Jerry Seinfeld þegar ég var að labba yfir brú í New York.“

10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

Fríðrik Dór Jónsson úr söngleik Verzlunarskólans talar um feitan vin, salt og auman vin.

SELUR SALT Á SUMRIN

6 Hundrað kíló

„Besti vinur minn er +100 kg.“



7 Trúaður

„Ég trúí á Jesú.“



8 Sterk kærasta

„Vinur minn tekur 50 kg í bekk, kærastan hans tekur meira.“



9 Heimildarmynd

„Ég hef gert heimildarmynd um Mars.“

10 Talað við mig ensku

„Stundum byrja ókunnugir á að tala við mig ensku við fyrstu kynni.“



Pórunn og strákarnir

Pórunn er að gera flottan hluti með laginu sínu *Bandit* í Lúxemborg.

Kynþokkafull Strákarnir í Lúx línast við skjáinn þegar Pórunn birtist í sjónvarpsþættinum sínum.



Pórunn Egilsdóttir, söngkona og sjónvarpsstjarna, gerir það gott

Á VINSÆLASTA LAGIÐ Í LÚXEMBOURG

Sæt stelpa Pórunn stjórnar vinsælum sjónvarpsþætti í Lúxemborg.



Það gengur alveg rosalega vel hjá mér þessa dagana," segir Pórunn Egilsdóttir en hún er að slá í gegn í Lúxemborg með nýju lagi sem heitir *Bandit*. Lagið er komið í fyrsta sæti af 100 vinsælustu lögnum á iTunes í Lúxemborg. Lagið hefur einnig verið að gera góða hluti í Þýskalandi. Pórunn er að leggja lokahönd á plötu sem kemur út í vor og hefur fengið mikinn áhuga frá Þýskalandi og

alla leið til Ástralíu. Það má því með sanni segja að allt gangi henni í haginn þessa dagana.

Vinsæl sjónvarpskona

Í tæp fjögur ár hefur Pórunn verið umsjónarmaður vinsæls sjónvarpsþáttar á RTL, stærstu stöðinni í Lúxemborg. Þar tekur hún viðtöl við stjórnurnar sem sækja landið heim

og fer yfir það helsta sem er að gerast. „Það hefur mikið gengið á hjá mér en ég hætti með kærastanum fyrir þremur vikum og er því á lausu," segir Pórunn og hlær en kærastinn er tennisleikari og er fluttur til Bandaríkjanna. Það má því segja það að það séu fleiri en Sigur Rós og hljómsveitinn Múm sem eru að gera góða hluti í útlöndum, því Pórunn Egilsdóttir er áhugaverð söngkona.

Texti: Jón Mýrdal H&N-mynd Úr einkasafni

Pú ert á eyðieyju með besta vini þínum. Hann er að deyja úr hræðilegum sjúkdómi og á lokastundinni biður hann þig að gera sér einn greiða: „Ég á milljón dollara í banka heima. Þegar ég dey, sjáðu þá til þess að sonur minn gangi menntaveginng og læri læknisfræði.“

Sírný

GEFUR FOLKI GÓÐ RÁÐ Í SAMRÆÐUM

UM HVAD

Maður er manns gaman og við höfum gaman af að ræða um aðra. En það er gríðarlega mikilvægt að spá í hvað maður talar um við aðra. Því með orðum kemur maður upp um sig. Þeir sem alltaf hafa eitt-hvað slæmt um aðra að segja eru greinilega ekki sáttir með lífið.

Eins og frægt er orðið: „Ef þú smælur fram- an í heiminn, smælur heimurinn framán í þig.“ Þetta á líka við um það sem sagt er um okkur. Þeir sem tala varlega um aðra verða síður fyrir harkalegu baktali.

Hafa ber í huga:

Þeir sem tala oft illa um fólk við þig eru lík- legir til að tala illa um þig síðar.

Þeir sem segja þér kjaftasögur virða það

við þig ef þú snýrð umræðunni að öðru.

Þeir sem alltaf heyra allar kjaftasögurnar eru líklega ekki í mjög skemmtilegum félags- skap.

Besta leiðin til að stöðva kjaftasögur sem maður heyrir er að endurtaka þær ekki.

Hvaða máli skiptir það í raun hvað við segjum t.d. á kaffistofunni í vinnunni?

Við erum alltaf að gefa af okkur mynd. Ég man eftir konu nokkurri á stórum vinnustað sem var ræðin í kaffipásam. Hún talaði hátt og glaðlega yfir hópinn um draslið í geymslu for- eldra sinna. Þetta varð framhaldsumræðuefni hjá henni í allavega tvo daga. Fáir höfðu eitt- hvað um málið að segja svo skoðanaskiptin urðu ekki mikil. Það getur vel verið að þessi

kona sé harðdugleg í vinnunni en hún gaf ekki mjög prófessionnal og spennandi mynd af sér í kaffistofunni.

Setjum ekki samstarfsfólk inn í smá- atriðin

Jónína yfirmaður kom inn á skrifstofu hjá Önnu á mánudagsmorgni. „Hvernig var helgin hjá þér?“ spurði hún. „Jú, takk. Hún var frábær. Við erum að gera upp baðið svo það var mál- að og skrubbað og píparinn... það er nú saga að segja frá því...“ (Löngu seinna) „...Já og svo var ég með rosalega góðan mat... Annars er ég alveg búin eftir helgina. Það var svo mikið mál að gera upp baðið.“

Næst bankaði Jónína yfirmaður upp á hjá Birnu. „Hvernig var helgin hjá þér?“ spurði hún.



Larry King Er í miklu up-
áhaldi hjá Sirrý og mikill
snillingur að hennar sögn.



Pipari „Hvernig var helgin hjá þér?“ spurði hún. „Jú, takk. Hún var frábær. Við erum að gera upp baðið svo það var málað og skrúbbað og píparinn... það er nú saga að segja frá því...“

“ TÖLUM VIÐ? ”

„Jú, takk, hún var fin. Ég hafði það mjög gott og hitti skemmtilegt fólk. Svo las ég svo athyglisverða tímaritsgrein um tölvuráðstefnu sem við ættum endilega að sækja. Hún gæti hjálpað okkur við stóra verkefnið sem við erum að undirbúa.“

Næst þegar upp kemur skemmtilegt og krefjandi verkefni, fyrir vakandi og fríska manneskju, hvort ætli Anna eða Birna komi fyrr upp í huga yfirmannsins? Tölum um pípara, mataruppskriftir og baðherbergið þar sem það á við en setjum ekki samstarfsfólk okkar inn í öll smáatriðin í einkalífi okkar.

En fyrr má nú rota en dauðrota

Maður nokkur sem vann með mér á stórum vinnustað fyrir margt löngu sagði fátt um sína

einkahagi. Dag einn tilkynnti hann að hann þyrfti að skreppa um tvöleytið þennan dag og kæmi líklega ekki aftur. Síðar fréttist að hann hefði farið til borgardómara og kvænt sig þennan dag. Fáum árum síðar sagðist þessi duli maður þurfa að skreppa um hádegis og kæmi líklega ekki aftur þann dag. Og viti menn – utan úr bæ bárust þær fréttir nokkru síðar að hinn lokaði hefði farið á fæðingardeildina til að vera viðstaddur fæðingu fyrsta barnsins síns.

Það er um að gera að vera persónulegur við vinnufélagana en muna bara að allt á sér sinn stað og sinn tíma.

Blandið geði við fólk

Og í skemmtilegum boðum er um að gera að muna eftir því að mannamót snúast um að

blanda geði við margt fólk. Sumir setjast bara í sitt sæti og tala eingöngu við sessunaut sinn allan tímann. Aðrir kunna þá list að ganga á milli, kynna sig og heilsa upp á sem flesta. Þetta stækkar tengslanetið og gerir samkvæmið skemmtilegra. Og þeir sem eru feimnir og vita ekki hvernig maður byrjar samræður við ókunnuga geta alltaf brotið isinn með með því að spyrja: „Hvernig tengist þú gestgjafanum?“ Þetta opnar á umræður og fjótlega kemur í ljós að hér tengjast allir á einhvern hátt.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

Sigríður
GEFUR FÓLKI GÓÐ
RÁÐ Í SAMRÆÐUM



Kokkteilboð „Og í skemmtilegum boðum er um að gera að muna eftir því að mannamót snúast um að blanda geði við margt fólk. Sumir setjast bara í sitt sæti og tala eingöngu við sessunaut sinn allan tímann.“

UM HVÆÐ TÖLUM VIÐ?

Larry King

Það er líka drepleiðinlegt í boðum þegar einn eða tveir einoka umræðuna og tala bara um sinn heim eða sitt sérsvið. Það eru almennir mannsiðir að sjá til þess að allir taki einhvern þátt í umræðunni. Þeir sem eru opnir og ófeimnir sýna mikla kurteisi með því að spyrja og beina orðum að öðrum gestum en einoka ekki samræðurnar.

Hér er t.d. ein góð saga sem Larry King, sjónvarpsmaður á CNN, notar í matarboðum ef

fólk þekktist ekki mikið en hann vill koma af stað skemmtilegum skoðanaskiptum, þar sem allir geta lagt eitthvað til málanna:

Vinurinn á eyðieyju

Pú ert á eyðieyju með besta vini þínum. Hann er að deyja úr hræðilegum sjúkdómi og á lokastundinni biður hann þig að gera sér einn greiða: „Ég á milljón dollara í banka heima. Þegar ég dey, sjáðu þá til þess að sonur minn gangi menntavegin og læri læknisfræði.“ Síð-

ar deyr vinurinn. Sonur hans er metnaðarlaus glaumgosi og vill ekki læra. Hann myndi sóa auðafunum undir eins. Sonur þinn aftur á móti þráir að hafa efni á að læra læknisfræði í virtum erlendum háskóla. HVERJUM GEFURÐU PENINGANA FYRIR LÆKNISFRÆÐINÁMI?

Þetta hefur aldrei brugðist sem umræðuefni – ísbrjótur, í boðum hins virta samræðusnillingu Larry King. Góða skemmtun.

**Texti Sigríður Arnardóttir
H&N-mynd Hari, Heiða & Daníel**

2006

BASSON ROMA III

Nýji BASSON ROMA III kerruvagninn er kominn. Hann er bæði vagn og líkusvefrikera. Vagninn er þykkbólastraður og kemurni fylgir sér svurta. Akkaði er valms- og vindheitt. Skiptitaska og flugnet fylgir með. Fáanlegur í mörgum nýjum litum.

Skoðið úrvalið á www.oo.is

Úrvalið
er hjá okkur

ólavía og oliver

Glæsibæ - Sími 553 3366 - www.oo.is

Food & Fun



Barton Seaver

frá Bandaríkjunum

Gestakokkur á Rauðará 22 - 26. febrúar.



Matseðill

Súpa gerð með bökluðu graskeeri og ristudum kremudum möndlum

Roasted Pumpkin Soup with toasted almond cream

Kryddaður lax með steinselju og sítrua, léttreyktur yfir eplaviði

og framreittur með sérlögudum kartöflusalati

Salmon Grælox with parsley and potato, smoked tableside

Lambarif og filet í pistasiukryddhjúp með lambakraftsönu og

puy linsuhánum ilmudum með kanel-vínagrett

Pistachio crusted lamb ribs with smokey lentils and cinnamon oil vinaigrette

Perur í brúnadri mjörkaramellu með Bourbon víski-ís.

Warm butter pear with caramel and bourbon ice cream



Rauðarárstigur 39 - Reykjavík - Sími 562 6766 - www.raudara.is



GLEYMIR ALDREI ÞURFANDI NÁGRANNA EÐA VIN



Eilý Ármanns
hjá spamadur.is les í
lófa fræga fólksins.

 SPÁMAÐUR.IS

Margir kunna að skilgreina lófa-
lestur sem skilaboð örlaganna en
við minnum á að hér er einungis
um dægradvöl að ræða. Lófalestur
krefst nákvæmrar skoðunar þar

sem línur og tákn sem koma fram í
hendi hvers og eins þurfa ekki að
koma fram hjá öðrum. Þegar lesið
er úr lófa tengir maður saman upp-
lýsingarnar sem hendurnar veita.

Lesið í lófa

Guðríður Arnardóttir veðurfræðingur


A Örlagalínan sýnir V í miðjum lófa Guðríðar og það segir að einn besti eiginleiki hennar er sá að uppfóstra og elska náungann. Hún uppfóstrar börn sín næstum því of vel, ef svo má að orði komast, styður eiginmann sinn með heilum hug og gleymir aldrei þurfandi nágranna eða vin. Þessi fallega kona er fær um að taka frumkvæði sem leiðir reyndar til átaka oft á tíðum og síðan breytinga sem hún og stuðningsmenn hennar sætta sig svo sannarlega við.

Í uppvextinum biðum við öll eftir að draumar okkar rætast en það virðist vera um það bil að gerast hjá Guðríði því sigurganga hennar er nýhafin ef marka má lófa hennar en hún má hvorki leyfa sér að drukna í smámunasemi né efast um eigin getu því hér birtast stórfengleg tækifæri.

B Hjartalína Guðríðar sýnir hana mótækilega manneskju. Einnig er auðlesíð að hún sýnir fólki 100% trúnað. Hún er gædd sjaldsæðu innsæi og treystir því. Einmitt þess vegna nær hún til fólks án þess að hafa mikið fyrir því. Styrkur Guðríðar á andlega sviðinu er öflugur og fyrrnefnt innsæi sýnir greinilega að hún kann að smíða brýr til ytri heimsins en til þess að geta smíðað slíkar brýr þarf manneskjan að sætta sig við og vera fær um að tjá innsæi sitt í meira mæli en aðrir og það á vissulega við um Guðríði. Geysilegt ímyndunarafli hennar sem hún fékk eflaust í vöggugjöf mun nýtast henni vel í stjórnmálum þegar framtíð hennar er skoðuð.

Guðríður helgar sig algerlega því sem hún auðsýnir kærleik (það er eitthvað sem hún veit innra með sér). Vegna þess að hún er hlý og góð í samskiptum ræðir hún sjaldan tilfinningalegar þarfar sínar og einmitt þess vegna ætti hún að leggja áherslu á að tjá sig í meira mæli við ástvini sína og leyfa þeim að deila með sér þroskaferli sínu. Hún skilur eflaust hvað við á hérna.

Hún leitar eftir samskiptum sem fylla hana von og ást.



Hjartalína

B

A

Örlagalína

Öflugur Griðarleg vinna hefur farið í smíði þessa öflugu jeppa. Eins og sjá má er þetta engin smásmíði. Með mér á myndinni er Halldór Sveinsson, einn af Kanadaförunum.



Frank Höybye kynnti sér ferð hugrakkra Kanadafara

HVAÐ ER Í BÍLNUM?

400 lítra olíutankur
Skríðgír
Búið að færa fram- og afturhásingar
Allur mögulegur fjarskiptabúnaður
Allir helstu varahlutir
Bílanagreiingatölva.
450 hestafla vél

FULLBÚIN TRYLLITÆKI Á 46"

Ég frétti af fyrirhugaðri jeppaferð fimm vaskra manna á slóðir Vilhjalms Stefánssonar, landkönnuðar í Kanada, og vakti það áhuga minn. Í ferðina fara Halldór Sveinsson, Friðþjófur Helgason, Kristján Kristjánsson, Karl Rútsson og Ómar Friðþjófsson. Fara þeir á þremur Ford F 350-jeppum, fullbreyttum á 46 tommu dekkjum og eru jepparnir sérsmiðaðir fyrir þessa ferð.

Unnið hefur verið við bílana daglega síðan í nóvember og hafa 20 til 30 manns komið að verkinu. Eru bílarnir breyttir hjá Jeppaþjónustunni Breyti ásamt Jeppasmiðjunni á Ljónsstöðum.

Áætlað er að ferðin muni taka allt að átta vikum og búast þeir við að keyra um sex þúsund kílómetra utan vegar og um sex til átta þúsund kílómetra á vegum Kanada. Um ferðalagið á að gera heimildamynd sem ég bið spenntur eftir að sjá.

Bílarnir eru sendir með skipi 15. febrúar til Kanada og ferðalangarnir fara með flugi 25. febrúar.

Búist er við allt að 40 til 50 gráðu frosti. Munu ferðalangarnir gista í bílunum sem eru sérútbúin með svefnaðstöðu. Til gamans má geta þess að í bílunum er miðstöð og heimabíó svo að ekki ætti að væsa um þá félagaga.

H&N-mynd: Stefán



Mikil vinna Starfsmenn jeppaþjónustunnar Breytis. Stoltir með vel unnið verk.

Tryllitæki Sérhannað með allskyns græjur.



ALVÖRU
FÓLK

Áætluð ferð Hér er kort af áætlaðri ferð ferðalanganna.



Halldór Sveinsson Hér er Halldór stoltur við bílinn sinn.

TOMMU





EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

Comfort Latex



Hjónarúm með heilsudýnum

160x200 verð frá kr. 49.740.-
180x200 verð frá kr. 59.740.-



Hægindastólar með bylgjunuddi

og hita fyrir mjóbak verð frá kr. 31.900.-



Rafmagnsrúm

80x200 verð frá kr. 59.900.-
160x200 verð frá kr. 119.800.-



Verzlunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

**AÐ GEFNU TÍLEFNI: ELÍSABET ER Í BÍLA-
TRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM OG STENDUR
ÞVÍ EKKI Í DEILUM VIÐ FRÆGA FÓLKID.
HÚN LÆTUR AÐRAR BETUR UM ÞAÐ.**

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

 **elisabet**

elisabet.is

Vátryggiandi er Tryggingamiðstöðin hf.



GEIR ÓLAFS OG BETA ROKK Á DJAMMINU

H&N-mynd Porvaldur



Góð aðstaða fyrir afmæli,
árshátíðir og aðrar samkomur.

*Lifandi tónlist allar helgar.
Boltinn í beinni.*

Kirkjustétt 2-6, Grafarholti S. 567 8197

opið:

Mán.-Fim.	18:00-23:30	Laugardaga	11:30-03:00
Föstudaga	18:00-03:00	Sunnudaga	11:30-23:30



Flest gul stig:

BÓHEMLISTAMAÐURINN

Johnny Depp er veraldarvanur, umhyggjusamur og einsamall. Algjör töffari sem veit hvað hann vill, kann að meta listir og hugsar lítið um útlitið.



Flest rauð stig:

FYNDNI GAURINN


Owen Wilson er alveg dísætur og enn sætari vegna þess hve fyndinn hann er. Það er aldrei leiðinlegt að vera með honum og aulabrandararnir eru alveg þess virði.



Flest græn stig:

DAÐRARINN

Jude Law er metrógaur út í gegn. Alltaf vel til fara og í finustu merkjunum. Hann er megadaðrari og kann að skemmta dómunum.



Flest blá stig:

Trausti gaurinn

Matt Damon er sjarmerandi og góður strákur sem hægt er að treysta á. Hann er gaurinn sem þú kynnr fyrir mömmu og þabba.

HVER ER HOLLYWOOD KÆRASTINN ÞINN?

1. ÞÚ DREGST AÐ STRÁK Í PARTÍUM SEM...

- Situr einn fyrir utan og reykir sígarettu
- Sem fær alla til að hlæja
- Kynnir sig fyrir öllum og er brosmildur
- Er að daðra við þig alveg á fullu

2. HVADA KVIKMYND LÝSIR BEST ÞÍNUM FYRRVERANDI?

- As Good as it Gets
- Unfaithful
- Donnie Darko
- Animal House

3. HVADA MANNESKJU VILDIR ÞÚ HELST HITTA?

- Van Gogh
- Charlie Chaplin
- JFK. Jr.
- Hinrik VIII

4. HIÐ FULLKOMNA STEFNUMÓT ER

- Góður kaffibolli og góður göngutúr
- Kvöldverður og kvikmynd
- Heimatílbúin máltíð, rauðvín og DVD
- Sushi og gott djamm

5. HVADA TEIKNIMYNDAPERSÓNU MYNDIR ÞÚ VELJA ÞÉR SEM KÆRASTA

- Bleika pardusinn
- Schroeder úr Snoopy (píanó strákurinn)
- Svamp Sveinsson
- Fred úr Scooby Doo

6. GAURINN SEM ÞÚ ERT AÐ DEITA ELSKAR AÐ DREKKA...

- Absenta
- Martini og Cosmopolitan
- Hvaða bjór sem er
- Vodka

7. ÞÚ FÍLAR GAURA SEM GANGA Í...

- Gucci-skóm
- Mótórhjólástígvélum
- Converse-skóm
- Venjulegum brúnum skóm

8. HINN FULLKOMNI MAÐUR ELSKAR AÐ HORFA Á...

- Hann á ekki sjónvarp
- South Park
- Fótbolta
- Entourage



Vectavir á frunsuna

Handhæg vörn, þægileg í veskið.



Fæst án
lyfseðils!

Viltu losna við frunsuna?

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.

Vectavir verkar einnig á blöðrum.

Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.


Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

Vectavir... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclovír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovír, famciclovír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smíttími stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.21



LÁRÉTT

- 1 EINS UM D (3)
- 4 TUGUR (3)
- 7 NAFNORÐ (2)
- 9 SAMANBURÐAR-
TENING (2)
- 10 ÁRATALA (5)
- 12 TÓNLISTARSTEFNA (4)
- 14 FUGLS HLJÓÐ (5)
- 15 SLÁTURFÉLAG (2)
- 17 SKYGGNI (3)
- 18 AFHENDING (5)
- 20 SÓT (4)
- 22 GLOPPA (4)
- 24 SPIL (5)

- 26 TÆKI (3)
- 27 HIRSLA (5)
- 29 HVÍLD (3)
- 30 REGLA (3)
- 31 GUÐ (2)
- 32 KÖTTUR (4)
- 34 PUKUR (6)
- 36 FINGUR (6)
- 38 Í RÖÐ (2)
- 39 JARÐEFNI (4)
- 41 MEÐAL (3)
- 43 BÝLI (2)
- 46 HLUTI KYNFÆRA (3)
- 47 SJÚKDÓM (5)
- 49 KVK. SPENDÝR (4)

- 51 RÁ (3)
- 52 LASLEIKI (4)
- 54 ÖFUG RÖÐ (2)
- 55 SKILYRÐISLAUS (7)
- 57 FUGL (3)
- 58 KJÁNI (4)

LÓDRÉTT

- 1 LITAREFNI (4)
- 2 BERJA (5)
- 3 TVEIR EINS (2)

- 4 REINA (7)
- 5 SÆLA (4)
- 6 STRITA (5)
- 8 AFL (4)
- 11 LAUNMÁL (6)
- 12 PLOKKA (5)
- 13 HEIÐURSMERKI (4)
- 16 STÓR HERBERGI (5)
- 17 Í RÖÐ (2)
- 19 ANA (5)
- 21 MÁLHELTI (4)
- 23 MATARÍLÁT (5)
- 25 HÁSTÉTT (4)
- 28 SKOT (3)
- 31 SVALL (4)

- 33 ÓSKIPT (4)
- 35 LAUN (5)
- 36 PERSÓNUFORNAFN (3)
- 37 SLÆGÐ (6)
- 40 TVEIR EINS (2)
- 42 TIL SÖLU (5)
- 44 KIND (2)
- 45 KRÖGGUR (5)
- 47 HEILA (4)
- 48 HEYSÆTI (4)
- 50 MÆLIEINING (4)
- 51 FORSKEYTI (3)
- 53 SEM (2)
- 56 ÖÐUR (2)
- 57 MANNPVAGA (2)



OG 52 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR



STAFRÆNN UPPTÖKULYKILL


NÝR VALKOSTUR FYRIR ÞÁ SEM NÁ STAFRÆNUM ÚTSENDINGUM DIGITAL ÍSLANDS

Stafræni upptökulykillinn gerir þér kleift að taka upp og geyma upphalds sjónvarpsefnið þitt til að þú getir horft þegar þér hentar. Þú getur einnig gert hlé á dagskránni og framkvæmt tafarlausa afturspólun. Ef smellt er á dagskrárlíð í dagskrárvísi vistast hann á 80 GB hörðum disk. Lykillinn hefur um 40 klst. upptökupláss og því ættir þú alltaf að geta séð það sem þér er að skapi í sjónvarpinu.



UPPTAKA MEÐ EINUM SMELLI

Taktu upp dagskrána á stafræna upptökulykillinn með einum smelli - engar spólur, ekkert vesen og í stafrænum gæðum.



HLÉ ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Þarftu að bregða þér frá í miðjum fréttatíma? Ýttu á "pásu" og haltu áfram að horfa þegar þú vilt. Þú þarft ekki að missa af sekúndu!



TAFARLAUS AFTURSPÓLUN

Ekki missa af aðalatriðinu eða flottasta markinu í leiknum aftur, spólaðu tafarlaust til baka.

HVAÐ KOSTAR MIG AÐ FÁ STAFRÆNAN UPPTÖKULYKIL?

Stofngjald: 7.990 kr.
Mánaðargjald: 790 kr.

Njóttu þess að horfa á dagskrána okkar - hvenær sem þér hentar. Þú færð nýjan stafrænan upptökulykil hjá verslunum Og Vodafone og þjónustufulltrúum á útsendingasvæði Digital Íslands.

digital ísland

hér & nú

STÚLKAN
Vala 19 ára

Hér & nú stúlkan að þessu sinni er hún Vala sem er 19 ára Keflvíkingur. Vala hefur mikinn áhuga á fótbolta, karate og öðrum íþróttum. Vala heitir í raun Valur og er strákur sem er á leið í kynskiptaaðgerð. „Mig langar að verða fyrsti kynskiptingurinn sem slær í gegn í Hollywood,“ segir Vala sem er að fara að leika í kvikmynd á næstunni. „Svo er ég að vinna í Nesfisk og á Casino um helgar,“ segir hún og bætir því við að hún sé á lausu.

Fyrir fólk
eins og þig...





HYDROXYCUT

EITT VINSÆLASTA
FITUBRENNISLUEFNI
HEIMS

**NÝTT &
ÖFLUGRA**

...ÞAÐ VIRKAR

U M B O O  **FITNESS
SPORT**



Fæst án
lyfseðils

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH



Fljótvirkt verkjalyf m.a. við tíðaverkjum

Inniheldur engin ávanabindandi efni

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

ARNARSON.TK · DOL-001-210205



Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, lannpinu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugamarsár eða skerta lífrarlarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprofén eða önnur bólqueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leiðið ráða læknis eða lyfjafraeðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



LOVELY
SARAH JESSICA PARKER

THE FIRST SCENT

